

Minnisblað

Til: Menningarmálanefndar
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 14. mars 2023
Mnr. 2023030073



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - verksamningur um umsjón og framkvæmd hátíðahalda

Upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur haft það verkefni til fjölda ára að sjá um skipulagningu og framkvæmd helstu bæjarhátíða sveitarfélagsins, þó með ýmissi aðkeyptri þjónustu s.s. varðandi stærri viðburði, leigu á hljóðkerfi, hoppuköstulum og stöðu framkvæmdastjóra skíðavíku.

Með breyttu landslagi í starfsemi sveitarfélaga undanfarin misseri, hefur verklýsing og dagleg störf upplýsingafulltrúa breyst þó nokkuð, s.s. með aukinn áherslu á stafræna tækni og innleiðingu ýmissa nýjunga í tæknilausnum, frekara samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög um starfræn verkefni, umsjá og þróun heimasíðu, samfélagsmiðla, markaðssetningu, samskipti við starfsmenn og stjórnendur o.fl.

Þá hefur sérhæfing við skipulag og framkvæmd viðburða jafnframt breyst þó nokkuð og kaup á einstakri þjónustu og verkhlutum aukist. Ljóst er því að best færi á því að gera samning til nokkurra ára við fyrirtæki sem sérhæfir sig í þeirri þjónustu sem sveitarfélagið þarfnast varðandi viðburði og hátíðar, s.s. við alla skipulagningu, utanumhald, aukastarfsmenn, samskipti við íþróttafélög vegna viðburða, og leigu á búnaði og græjum.

Eftir skoðun málsins og mat á þörf sveitarfélagsins og aðstæðum, er lagt til við menningarmálanefnd að ganga til samninga við Auðlist ehf. - Viðburðastofu Vestfjarða, um umsjón og framkvæmd hátíðahalda Ísafjarðarbæjar 2023-2025, auk árshátíðar og starfsdags starfsfólks Ísafjarðarbæjar 2023-2026. Hátíðahöldin sem um ræðir eru Skíðavíkan, 17. júní og tendrun jólatrjáa á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Ísafirði.

Auðlist ehf. hafði umsjón með framkvæmd 17. júní og árshátíðar starfsfólks og að hluta með framkvæmd tendrunar jólaljósa, árið 2022, auk þess að hafa séð um einstaka viðburði og/eða tæknimál fyrir sveitarfélagið frá árinu 2019, en fyrirtækið hefur jafnframt víðtæka reynslu af viðburðahaldi fyrir önnur félög/einstaklinga. Þá hafði framkvæmastjóri Auðlistar ehf. umsjón með ákveðnum viðburðum og/eða þáttum hátíðahaldsins þegar hann var starfsmaður Ísfjarðarbæjar, á árum áður.

Með því að gera samning til lengri tíma og útvista verkefninu í heild sinni er hægt að tryggja stöðugleika í viðburðahaldi bæjarins, auk þess sem það gefur svigrúm til að horfa til lengri tíma hvað varðar búnað og skipulag, auk þess að hafa betri yfirsýn yfir kostnað vegna viðburða og hátíðahalds, svo og lækka kostnað vegna einstakra útseldra þátta hjá sveitarfélaginu.